



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Miðvikudagur, 12. mars 2008

Ákvörðun nr. 17/2008

Samruni Reynimels ehf. og Kynnisferða ehf.

I.

Málavextir og málsmeðferð

Með bréfi Heimis Arnar Herbertssonar hrl., dags. 15. nóvember 2007, var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um samruna Reynimels ehf. (hér eftir Reynimelur) og Kynnisferða ehf. (hér eftir Kynnisferðir). Bréfinu fylgdi samrunaskrá sem tekur mið af viðauka í reglum nr. 881/2005 um tilkynningu samruna.¹

Í samrunaskránni kemur m.a. fram að Reynimelur og Kynnisferðir muni hvorki sameinast í skilningi hlutafélagalaga né í fjárhagslegum skilningi og muni Kynnisferðir því verða reknar sem sjálfstætt dótturfélag Reynimels með sjálfstæðan ársreikning. Þá fylgdi með samrunaskránni tilboð í hlutafé í Kynnisferðum og kaupsamningur, dags. 28. mars 2007, auk ársreikninga samrunaaðila fyrir árin 2005 og 2006 þar sem m.a. er að finna upplýsingar um veltu félaganna sem og útprentanir úr hlutafélagaskrá um samrunaaðila og skýrslur Lánstrausts. Auk þess var meðfylgjandi minnisblað, dags. 12. nóvember 2007, þar sem kynntar voru fyrirhugaðar breytingar á eignarhaldi Reynimels sem gera ætti í kjölfar ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 51/2007 *Samruni Reynimels ehf. og Kynnisferða ehf.*

Með bréfi, dags. 13. desember 2007, tilkynnti Samkeppniseftirlitið að stofnunin teldi ástæðu til frekari rannsóknar á samkeppnislegum áhrifum samrunans, sbr. 4. mgr. 17. gr. samkeppnislaga. Upphaf þriggja mánaða frests samkeppnisyfirvalda til að taka afstöðu til samrunans miðast því við þann dag, sbr. sama lagaákvæði.

Við úrlausn þessa máls hefur Samkeppniseftirlitið að meginstefnu til notað þau gögn er aflað var við meðferð hins fyrra máls sem leiddi til ákvörðunar nr. 51/2007. Að lokinni frumathugun á samkeppnislegum áhrifum samrunans sendi Samkeppniseftirlitið þann 13. febrúar 2008 andmælaskjal eftirlitsins vegna samrunans. Athugasemdir samrunaaðila bárust þann 29. febrúar 2008. Innihéldu athugasemdirnar tillögur að skilyrðum.

¹ Viðauki með skrá yfir upplýsingar sem þurfa að koma fram í tilkynningu til Samkeppniseftirlitsins um samruna fyrirtækja (samrunaskrá).



II. Niðurstöður

1. Samruni

Með samningi, dags. 28. mars 2007, keypti Reynimelur allt hlutafé FL Group í Kynnisferðum. Samningurinn var gerður við alla þáverandi hluthafa félagsins. Samkvæmt samningnum nam kaupverð á Kynnisferðum tæplega [...] ² milljón kr. sem jafngildir [...] ³ milljónum kr. fyrir allt hlutafé félagsins. Við undirritun kaupsamnings þann 28. mars 2007 var Reynimelur sameinaður fyrirtæki undir forystu Hagvagna hf., Hópbíla hf. og SBA-Norðurleiðar hf. Stærsti hluthafi í Reynimel var BNK ehf. með 40% hlut en eigandi BNK er BNT hf. sem jafnframt er eigandi N1 hf. Næst stærsti hluthafi Reynimels var ferðaskrifstofan Atlantik ehf. með 20% en það fyrirtæki hefur m.a. sérhæft sig í móttöku ferðamanna sem hingað koma til lands með erlendum skemmtiferðaskipum.

Með ákvörðun nr. 51/2007 ógilti Samkeppniseftirlitið framangreindan samruna. Í kjölfar þessa voru gerðar breytingar á eignarhaldi Reynimels, sbr. minnisblað samrunaaðila frá 12. nóvember 2007, og eru þær sem hér segir:

Félagið Atlantik, SBA-Norðurleið og þeir Gunnar M. Guðmundsson og Magnús B. Einarsson, sem báðir eru tengdir SBA-Norðurleið, seldu sína hluti í Reynimel. Guðmundur Arnaldsson keypti helming af hlut Atlantik og allan hlut þeirra Gunnars M. Guðmundssonar og Magnúsar B. Einarssonar sem og hlut SBA-Norðurleiðar. Að því loknu átti Guðmundur Arnaldsson 30% hlut í Reynimel. Enn fremur keypti Gísli J. Friðjónsson, sem tengdur er Hópbílum/Hagvögnum helming af hlut Atlantik og varð eignarhlutur hans þá 17% og heildareignarhlutur Hópbíla/Hagvagna og tengdra aðila því 30%.

Í gögnum málsins kemur fram að samanlögð velta þeirra félaga sem nú standa að Reynimel hafi á síðasta ári verið rúmlega einn og hálfur milljarður kr. Á sama ári var velta Kynnisferða einnig rúmlega einn og hálfur milljarður kr. Með hliðsjón af framangreindu telur Samkeppniseftirlitið ljóst að framangreindur samningur feli í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga og fellur samruninn undir samrunaeftirlit 17. gr. laganna, þar sem veltuskilyrði ákvæðisins er uppfyllt.

2.

Markaðurinn og mat á samkeppnislegum áhrifum

Við mat á samruna samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga verður að byrja á því að skilgreina þann markað sem við á. Samkvæmt 4. gr. laganna er markaður sölusvæði vöru og staðgengdarvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgengdarþjónustu. Í fyrra máli var markaðurinn skilgreindur sem markaður fyrir alhliða þjónustu fólksflutningabifreiða hér á landi og var komist að þeirri niðurstöðu að sameiginleg markaðshlutdeild þeirra aðila sem að samrunanum stæðu, þ.e. Kynnisferða, Hagvagna/Hópbíla og SBA-Norðurleiðar, væri tæplega

² Fellt út vegna trúnaðar.

³ Fellt út vegna trúnaðar.



60% á skilgreindum markaði. Í niðurstöðu kom fram að samruninn myndi leiða til markaðsráðandi stöðu og að sameinað fyrirtæki gæti í krafti stöðu sinnar takmarkað samkeppni og hagað verðlagningu, þjónustu og viðskiptaskilmálum að verulegu leyti án tillits til keppinauta og viðskiptavina.

Í máli þessu var tekið til skoðunar hvort umræddar breytingar á eignarhaldi Reynimels myndu leiða til þess að markaðshlutdeild fyrirtækja undir yferráðum félagsins auk annarra atriða myndi breytast það mikið að félagið yrði ekki lengur í markaðsráðandi stöðu. Þá var einnig höfð hliðsjón af því að Kynnisferðir hafa nú selt frá sér SBK til ótengdra aðila en það fyrirtæki sinnir aðallega akstri hópferðabifreiða milli Reykjanesbæjar og Reykjavíkur og akstri strætisvagna á Suðurnesjum.

Niðurstaðan er sú að þrátt fyrir umræddar breytingar á eignarhaldi yrði markaðshlutdeild sameinaðra fyrirtækja það há að vísbendingar um markaðsráðandi stöðu eru enn fyrir hendi. Þegar til viðbótar hefur verið tekið tillit til annarra atriða eins og t.d. stöðu keppinauta, efnahagslegs styrkleika og aðgangshindrana er ljóst að sameinað fyrirtæki yrði eftir sem áður í markaðsráðandi stöðu og að umræddar eignabreytingar breyta því ekki fyrri niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins. Var þessi niðurstaða kynnt samrunaaðilum í fyrrgreindu andmælaskjali.

Í athugasemdum samrunaaðila við andmælaskjalið kom fram tillaga að skilyrðum í þá veru að breytingar yrðu gerðar á eignarhaldi Reynimels þannig að BNK myndi eignast meirihluta og að hlutur annarra, þ.e. Guðmundar Arnaldssonar og Hagvagna/Hópbíla myndi minnka. Hafa viðræður Samkeppniseftirlitsins og samrunaaðila leitt til þess að samrunaaðilar hafa gengist undir sátt í málinu á grundvelli 17. gr. a samkeppnislaga og 22. gr. reglna um málsmeðferð samkeppnisyrvalda nr. 880/2005. Samrunaaðilar eru ekki sammála því mati að samruni þessi valdi röskun á samkeppni sem gefi tilefni til íhlutunar Samkeppniseftirlitsins.

Sáttin felur í sér þær breytingar á eignarhaldi Reynimels sem að ofan greinir og leiðir til þess að hlutur Hagvagna/Hópbíla í félaginu verður [...] ⁴. Með þessu móti er tryggt að Hagvagnar/Hópbílar hafa ekki yferráð yfir Reynimel og þar með ekki yfir keppinauti sínum Kynnisferðum. Er þá ljóst að bannákvæði 10. gr. samkeppnislaga taka almennt til samskipta milli Hagvagna/Hópbíla og Reynimels/Kynnisferða. Þegar litið er til samþjöppunar á hinum skilgreinda markaði, umræddra breytinga á eignarhaldi og til annarra skilyrða sem samrunaaðilar hafa undirgengist verður að telja að minnihluta eignarhlutur Hagvagna/Hópbíla í Reynimel raski ekki samkeppni.

Til þess að tryggja enn frekar samkeppnislegt sjálfstæði felur sáttin í sér skilyrði um fullan rekstrar- og stjórnunarlegan aðskilnað milli Hagvagna/Hópbíla annars vegar og Reynimels/Kynnisferða hins vegar. Þá er áréttað í skilyrðum að umræddum félögum sé óheimilt að hafa með sér samvinnu eða veita hvort öðru

⁴ Fellt út vegna trúnaðar.



upplýsingar um tilgreind atriði, þ. á m. um verð og viðskiptakjör, sbr. einnig 10. gr. samkeppnislaga Umrædd skilyrði koma ekki í veg fyrir að þessir aðilar eigi viðskipti sín á milli gegn eðlilegu endurgjaldi eins og um viðskipti milli óskyldra aðila væri að ræða. Jafnframt koma þau ekki í veg fyrir sameiginlegar ákvarðanir um meiriháttar fjárfestingar en slík samvinna verður að vera samþýðanleg 10. gr. samkeppnislaga. Brot á skilyrðum sem sett eru í ákvörðun þessari varða viðurlögum skv. samkeppnislögum.

Þau skilyrði sem samrunaaðilar hafa fallist á að hlíta nægja að mati Samkeppniseftirlitsins til að eyða þeim samkeppnislegu vandamálum sem ella hefðu skapast með samruna þessum. Skiptir þar mestu að Reynimelur (og þar með Kynnisferðir) verða ekki lengur undir yfirráðum Hagvagna/Hópbíla og tengdra aðila.

III.

Ákvörðunarorð:

„Með ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 51/2007 Samruni Reynimels ehf. og Kynnisferða ehf. sem tekin var þann 17. september 2007 var ógiltur samningur, dags. 28. mars 2007, um kaup Reynimels ehf. á öllu hlutafé í Kynnisferðum ehf.

Í kjölfarið voru gerðar breytingar á eignarhaldi Reynimels ehf., sbr. minnisblað samrunaaðila, dags. 12. nóvember 2007. Samkeppniseftirlitið telur að umræddar breytingar feli í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga. Það er mat Samkeppniseftirlitsins að þrátt fyrir þessar breytingar hafi samruninn eftir sem áður skaðleg áhrif á samkeppni. Með heimild í 17. gr. samkeppnislaga og til að koma í veg fyrir röskun á samkeppni eru eftirfarandi skilyrði sett:

1. gr.

Fyrir 1. apríl 2008 skal eignarhald í Reynimel ehf. breytt. BNK ehf. skal þá eignast meirihluta hlutafjár. Hagvagnar hf./Hópbílar hf. skulu minnka eignarhlut sinn í Reynimel ehf. og skal hann ekki vera stærri en [...] ⁵ af hlutafé í Reynimel ehf. (Ef við á skal með eignarhlut Hagvagna hf./Hópbíla hf. í Reynimel ehf. telja eignarhlut aðila sem yfirráð hafa yfir Hagvögnum hf./Hópbílum hf. og eignarhlut aðila sem Hagvagnar hf./Hópbílar hf. hafa yfirráð yfir.)

2. gr.

Á milli Hagvagna hf./Hópbíla hf. annars vegar og Reynimels ehf./Kynnisferða ehf. hins vegar skal vera fullur rekstrarlegur og stjórnunarlegur aðskilnaður. Í þessu felst að stjórnarmenn eða starfsmenn Hagvagna hf./Hópbíla hf. skulu ekki sitja í stjórn né

⁵ Fellt út vegna trúnaðar.



varastjórn Reynimels ehf./Kynnisferða ehf. Á sama hátt skulu stjórnarmenn eða starfsmenn Reynimels ehf./Kynnisferða ehf. ekki sitja í stjórn Hagvagna hf./Hópbíla hf. Hið sama gildir um þá sem eru makar umræddra stjórnarmanna og starfsmanna, skyldir þeim eða mægðir í beinan legg eða systkini þeirra.

Ákvæði 1. mgr. kemur þó ekki í veg fyrir sameiginlegar ákvarðanir um meiriháttar fjárfestingar af hálfu Kynnisferða ehf. Þá kemur ákvæðið ekki í veg fyrir að þessir aðilar eigi viðskipti sín á milli gegn eðlilegu endurgjaldi eins og um viðskipti milli óskyldra aðila væri að ræða.

3. gr.

Hagvögnum hf./Hópbílum hf. annars vegar og Reynimel ehf./Kynnisferðum ehf. hins vegar er óheimilt að hafa með sér hvers konar samvinnu eða grípa til samstilltra aðgerða um eftirfarandi atriði:

- a. Verð og viðskiptakjör.
- b. Eðli þjónustu og þjónustuframboð.
- c. Markaðsmál, viðskiptastefnu og viðskiptaáætlanir.
- d. Viðskiptavini og sölusvæði.

Sömu aðilum er óheimilt að veita hvor öðrum upplýsingar um viðskipti félaganna og viðskiptavini, þ.m.t. um viðskipti og/eða viðskiptakjör einstakra viðskiptavina. Hið sama gildir um önnur atriði sem talin eru upp hér að framan. Þá er öðrum hluthöfum Reynimels ehf. óheimilt að miðla slíkum upplýsingum á milli aðila. Undirritaðar verða trúnaðaryfirlýsingar um þetta.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson